

Landvinnsla stórbara á Dalvík eða Húsavík

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 4. mars 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslandsþara um framleiðslu þaramjöls, algínöt og sellulósa úr stórbara á Dalvík eða Húsavík, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 6.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Norðurþings, matvælaráðuneytisins, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stórbari fyrir Norðurlandi – landvinnsla. Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar. Íslandsþari og Mannvit. Mars 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Dalvíkurbyggð 8. apríl 2022, Norðurþingi 24. mars 2022, Fiskistofu 29. mars 2022, Hafrannsóknastofnun 5. og 26. apríl 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 6. apríl 2022, Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun 6. apríl 2022, Matvælastofnun 11. apríl 2022, Minjastofnun Íslands 7. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 6. apríl 2022 og Vinnueftirliti ríkisins 24. mars 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 8., 20. og 26. apríl 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í söfnun og vinnslu á stórbara. Gert er ráð fyrir að þaranum verði safnað undan annesjum á Norðurlandi, mögulega frá Vatnsnesi við Húnaflóa allt austur að Langanesi. Íslandsþari gerir ráð fyrir að vinnsla á stórbara verði á hafnarsvæði á Norðurlandi, sem næst miðsvæðis á vaxtarsvæði stórbarans. Áform eru um að reisa um 4.000 til 6.000 fermetra vinnsluhúsnæði ásamt aðstöðu til þróunar á starfseminni. Fyrirhugað er að vinna allt að 40.000 tonn á ári af stórbara þegar fullri vinnslu er náð og afurðir verði um 4.000 tonn á ári af þurrefni, þ.e um 2.500 tonn af þaramjöli, 1.200 tonn af algínötum og 350 tonn af sellulósa. Þessi efni eru notuð sem bætiefni fyrir matvæla- og lyfjamarkað.

Endanlegt staðarval fyrir starfsemina liggar ekki fyrir en einn staður á hafnarsvæði Dalvíkur og tveir við Húsavíkurhöfn koma til greina fyrir vinnsluhúsnæðið.

Framleiðsluferli

Í greinargerð Íslandsþara kemur fram að allur þari verði unninn jafnóðum þannig að engin blautur þari verði geymdur í lengri tíma. Við vinnsluna er hvorki notað formalín né önnur rotvarnarefni og engin fastur úrgangur fellur til við vinnsluferlið. Þarinn sem fluttur verði að landi er forskorinn og flokkaður um borð í skurðarbát og því tilbúinn í landvinnsluna. Öllum sjávardýrum verði skilað aftur í sjóinn við skipshlið. Fram kemur að þegar fullum afköstum verði náð sé gert ráð fyrir að hráefni



verið unnið allt að 180 daga á ári, mest á sumrin en minna á veturna. Þarastílki (200 mm) og blöðum er landað aðskildum í hefðbundnum fiskikörum sem flutt eru frá hafnarbakka með lyftara eða á vagni og sett inn í kælda geymslu í húsnæði Íslandsþara. Hámarks löndun á dag gæti verið um 400 tonn af blautum þara eða um 220 tonn að meðtali á dag við full afköst. Fyrst um sinn verður þó hámarkslöndun um 150 tonn af blautum þara á dag. Nánari lýsingu á starfsemi Íslandsþara er að finna í greinargerð fyrirtækisins.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Íslandsþara og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif fráveitu

Í gögnum Íslandsþara kemur fram að frárennsli verði 8 til 11 L/s en stór hluti þess sé vegna skolunar á afurðum og búnaði sambærilegu við vinnslu á öðru sjávarfangi. Styrkur efna í frárennsli verði innan viðmiðunarmarka reglugerðar um fráveitur og skólp. Áætlað sé að styrkur salts í frárennsli vegna efnanotkunar verði um 1/7 til 1/6 af seltu sjávar. Til viðbótar við það skolist salt (NaCl og KCl) úr þaranum ásamt steinefnum og sykrum. Frárennsliskerfi verði hannað þannig að basíski straumurinn og síði straumurinn verði leiddir í hlutleysingartank þannig að þeir hlutleysi hvor annan. Saltlausn frá hlutleysingartanki fari því næst í jöfnunartank þar sem hún blandist skolvatni og öðru frárennsli frá vinnslunni. Fyrir aftan jöfnunartank verði sýnatökubrunnur þannig að hægt sé að vakta frárennsli frá vinnslunni til að tryggja að lágmark efna/afurða séu að tapast frá vinnslunni. Miðað sé við að frárennsli verði tengt fráveitu sveitarfélagsins, en hönnun á því liggi ekki fyrir.

Áhrif á loftgæði

Í greinargerð Íslandsþara kemur fram að útblástur frá þökkun og mölun verði leiddur í gegnum rykskiljur og pokasíur. Ryk sem safnist sé nýtt í afurðir. Áhrif sökum lyktar séu álitin lítil sem engin þar sem allur blautur þari verði unnin daglega, en milliafurðir og vinnsluferlið að öðru leyti sé lyktarlítið.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er lögð áhersla á mikilvægi þess að móta ítarleg viðmið vegna mögulegrar lyktarmengunar.

Í svörum Íslandsþara kemur fram að sem hluti af gæðakerfi Íslandsþara sé gert ráð fyrir að setja upp vöktun á lykt á vinnustaðnum og í umhverfinu til að lágmarka hættu á vandamálum vegna lyktar. Slík vöktun verður í samræmi við breskar leiðbeiningar um stjórnun og vöktun á lyktarmengun.

Áhrif á samfélag

Í gögnum frá Íslandsþara kemur fram að þegar fullum afköstum verði náð sé gert ráð fyrir að hráefni verið unnið allt að 180 daga á ári, en úrvinnslulínan verði starfrækt 5 daga vikunnar í allt að 48 vikur eða 240 daga á ári. Stefnt sé að því að um 90 % starfsfólks verði í föstu starfi hjá fyrirtækinu og að þorri þess muni búa í bæjarfélagini eða nágrenni þess.

5 Skipulag og leyfi

Þeir staðir sem koma til greina fyrir starfsemina á Húsavík eru annars vegar á skilgreindu hafnarsvæði (H2) norðan hafnarinnar og hins vegar skilgreindu athafnasvæði (A3) sunnan hennar samkvæmt Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030.



Sá staður sem kemur til greina fyrir starfsemina á Dalvík er á svæði sem hefur verið afmarkað fyrir athafnasvæði (107-A) á landfyllingu sunnan hafnarinnar.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna sem um ræðir. Ekki er unnt að gefa út byggingaleyfi fyrir en samþykkt deiliskipulag liggar fyrir. Vinnslan er háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra samkvæmt lögum um matvæli og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Jafnframt þarf að sækja um skráningu vinnslunnar sem fóðurfyrirtækis hjá Matvælastofnun samkvæmt lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

6 Niðurstaða

Um er að ræða um framleiðslu þaramjöls, algínata og sellulósa úr stórþara á Dalvík eða Húsavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 6.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í þessari ákvörðun er fyrst og fremst horft til áhrifa af framleiðslu efna úr stórþara en ekki til áhrifa af skurði þarans á grunnsævi og lífríki en fyrirhuguð stórþarataka nær til mjög takmarkaðs hluta vaxtarsvæða þarans fyrir Norðurlandi.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Reisa þarf allt að 6.000 m² verksmiðjuhúsnæði fyrir starfsemina. Hún verður staðsett á hafnarsvæði. Óverulegur fastur úrgangur fellur til af sjávarfanginu sem berst í land. En fráveita frá starfsemi verður að uppistöðu salt-, þétti- og þvottavatn sem inniheldur lítið af lífrænum efnum. Skipulagsstofnun telur mögulegt að einhver lykt kuni að fylgja vinnslunni sem geti valdið óþægindum fyrir fólk. En henni megi halda í lágmarki með því að vinna ævinlega úr fersku og kældu hráefni og gæta fyllsta hreinlætis við meðhöndlun hráefnis og afurða. Þar með verði niðurbrot lífrænna efna í lágmarki áður en hráefni berast til vinnslu. Slíkt er líklegt til að fyrirbyggja mögulega ólykt frá starfseminni. Þá telur Skipulagsstofnun brýnt að vakta eins og kostur er lyktarmengun á vinnustaðnum og í nágrenni hans eins og Íslandsþari áformar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar sem fyrir er og þéttbýlla svæða eða verndarákvæða, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhugað vinnsluhúsnæði mun rísa í manngerðu umhverfi við höfn á Dalvík eða Húsavík. Ekki þarf að taka óraskað land undir starfsemina og hún er ekki ráðgerð á svæði sem nýtur verndar eða telst viðkvæmt. Áhrif á náttúrufar eru óveruleg vegna fyrirhugaðrar starfsemi í landi. Gildir þá einu hvort um er að ræða staðsetningu á Dalvík eða þeim tveimur stöðum á Húsavík sem voru kynntir sem mögulegir kostir. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og afturkræfni áhrifa, hverjar séu líkur á áhrifum og möguleikum til að draga úr áhrifum sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.


Varanleg áhrif framkvæmdar eru fyrst og fremst vegna nokkuð stórs verksmiðjuhúsnæðis á hafnarsvæði. En sú losun sem berst frá starfseminni, hvort sem hún er í fráveitu, föstum efnum eða loftborin er hvorki mikil né hefur í för með sér varanleg áhrif á umhverfið. Framkvæmdin hefur allar forsendur til að falla að annarri starfsemi sem fyrir er á þeim hafnarsvæðum sem koma til greina. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2022.

Reykjavík, 29. apríl 2022



Jakob Gunnarsson



Sigurður Ásbjörnsson